

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Hafnarfjarðar.

1. gr.

Gjaldskráin þessi er sett með heimild í lögum nr. 32/2004 og reglugerð nr. 401/2005. Notkunargjald* er 26 kr. pr. mælt tonn.

Mælaleiga.**

Mælaleiga er háð stærð og gerð mælis

	<i>Kennitákn</i>	<i>Mælaleiga pr. ár</i>	<i>Mælaleiga pr. dag</i>
30 / 1 1/4"	30	19.261 kr.	51,78 kr.
40 / 1 1/2"	40	21.401 kr.	57,53 kr.
50 / 2" T	50 t	35.668 kr.	95,89 kr.
65 / 2 1/2"	65	44.840 kr.	120,55 kr.
80 / 3"	80	52.993 kr.	142,47 kr.
100 / 4"	100	83.565 kr.	224,66 kr.
150 / 6"	150	100.380 kr.	269,86 kr.
200 / 8"	200	122.290 kr.	328,77 kr.

Með ábyrgð á greiðslu mælaleigu og notkunargjalds fer skv. 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005. Notkunargjald og mælaleiga er innheimt eftir á og að öllu jöfnu ársfjórðungslega.

* Notkunargjald er lagt á samkvæmt 7. gr. laga nr. 32/2004 og 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005 í samræmi við ákvörðun umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar 21. október 2019.

** Mælaleiga er ákveðin samkvæmt 7. gr. laga nr. 32/2004 og 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

2. gr.

Vatnsgjald, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005, er 0,052% af heildarfasteignamatí íbúðarhúsnæðis og 0,09% af öðru húsnæði.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts.

Með ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds fer samkvæmt lögum nr. 32/2004.

3. gr.

Gjald fyrir heimæðar vatnsveitu í nýbyggingum er samkvæmt eftirfarandi töflu.

Heimæðagjald.

<i>Þvermál heimæðar, PE</i>	<i>Heimæð lengd 0-30m**</i>	<i>Verð á metra umfram 30 m **</i>
25	215.611 kr.	6.042 kr.
32	223.572 kr.	6.077 kr.
40	300.550 kr.	8.639 kr.
50	339.671 kr.	9.550 kr.
63	385.619 kr.	10.634 kr.
75	407.590 kr.	11.816 kr.
90	605.824 kr.	16.385 kr.
110	756.674 kr.	19.113 kr.
160	1.239.903 kr.	20.895 kr.
225	2.002.652 kr.	26.909 kr.

Tenging og aftenging á byggingarvatni, 16.382 kr.

* Heimæðagjald er greitt fyrir fram.

** Innifalið er efni og vinna.

Gjöldin eru uppfærð í janúar ár hvert miðað við breytingar á byggingarvísitölu.

Gjöldin miðast við að húsbyggjandi leggi til skurð sem grafinn er á frostfrítt dýpi frá tengistað við lóðamörk að tengirými fasteignar og að ídráttarröri sé komið fyrir alla leið inn í tengirými. Ídráttarrör skal vera ídráttarhæft. Ídráttarrör eru afhent hjá Vatnsveitu Hafnarfjarðar að Norðurellu 2, Hafnarfirði.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt í umhverfis- og framkvæmdaráði 18. nóvember 2020 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 16. desember 2020, tekur þegar gildi.

Jafnframt fellur brott gjaldskrá Vatnsveitu Hafnarfjarðar nr. 1350/2019.

Hafnarfirði, 16. desember 2020.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri.